

Jafnréttisáætlun Álfasteins 2019-2022

Jafnréttisáætlun Álfasteins á við nemendur, foreldra, kennara og aðra starfsmenn leikskólans. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk þess tekur hún til annarra skilgreindra hópa sbr. jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar 65 gr.laga nr.33/1944:

“Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti”.

Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannaúts sem býr í hverjum og einum.

Jafnréttisáætlun Álfasteins er kynnt öllu nýju starfsfólki auk þess sem áætlunin er hluti af starfsmannahandbók leikskólans. Áætlunin er sýnileg foreldrum inn á heimasíðu leikskólans <http://alfasteinnhorgarsveit.is/> Áætlunin er endurskoðuð árlega á starfsmannafundi í maí, leikskólastjóri ber ábyrgð á því.

Stefna Álfasteins í jafnréttismálum

Meginmarkmið

- Að stuðla að jafnrétti kynjanna á sem víðtækustum grunni.
- Að koma fram við alla kennara, starfsmenn, foreldra og nemendur af virðingu.
- Stuðla skal að því að gæta jafnréttis í öllu starfi.
- Lögð er áhersla á að hafa kynjasamþættingu að leiðarljósi við skipulagningu og mótun stefnu skóla.
- Leggja skal áhersla á góðan staðblæ, sem hvetur til góðra og skapandi verka.

Kennarar og aðrir starfsmenn

- Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku kennara og annarra starfsmanna í starfshópum, greiða skal jöfn laun og tryggja sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.
- Gæta skal að því að auglýsingar og kynningarefni höfði til beggja kynja.
- Tryggja skal að kennarar og aðrir starfsmenn hljóti fræðslu um jafnréttismál.
- Tryggt skal að jafnréttissjónarmiða sé gætt við stöðuveitingar.
- Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla.
- Leitast skal við að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu s.s. með sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduáðstæðna og þarfa vinnuveitanda.
- Lögð er áhersla á að kennarar og aðrir starfsmenn geti eft kunnáttu sína og hæfni.

- Lögð er áhersla á jákvætt andrúmsloft, þar sem mannauðurinn er nýttur og öll framlög og allar hugmyndir njóta virðingar.

Aðgerð; sjá jafnréttisáætlun Hörgársveitar;

<https://www.horgarsveit.is/static/files/reglur/jafnrrettisaaetlun-horgarsveitar-2018-2022-agust-18.pdf>

Nemendur

- Leikefni og viðfangsefni mismuni ekki kynjunum.
- Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir.
- Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja.
- Nemendur skulu hljóta fræðslu um jafnréttismál til að búa þá undir jafna þátttöku í samfélaginu.
- Gæta skal jafnréttis í öllu starfi leikskólans.

Aðgerð: Jafnréttisfræðsla fer helst fram með lestri bóka sem fjalla um málefnið, í umræðum og í leik. Bæði skipulögðum stundum en ekki síður í dagsins önn. Reynt er að undirbúa börnin undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi t.d með því að sinna fjölbreyttum verkum innan leikskólans, leggja á borð, gá til veðurs, losa endurvinnslutunnur ofl. Fjölbreytt leik- og námsefni leikskólans er aðgengilegt báðum kynjum, Elstu börn leikskólans heimsækja ýmis fyrirtæki og stofnanir.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildarstjórar bera ábyrgð á því að unnið sé eftir áætluninni.

Tímarammi: Þegar við á.

Foreldrar

- Litið er á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.
- Beina skal samskiptum og orðum jafnt til fedra og mæðra þegar um sameiginlegt forræði barns er að ræða, hvort sem foreldrar eru í sambúð eða ekki.
- Um samskipti við foreldri sem ekki fer með forsjá barns fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

Réttur til upplýsinga um barn.

52. gr. Réttur til upplýsinga um barn.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá frá hinu [munnlegar upplýsingar] um hagi þess, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á leikskóla, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

[Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá aðgang að

skriflegum gögnum um barnið frá skólum og leikskólum.] ¹⁾ [Það foreldri á einnig rétt á að fá munnlegar upplýsingar um barnið frá öðrum aðilum sem fara með mál þess, svo sem sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum, félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu.] ²⁾ Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjáforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingagjöf sé skaðleg fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til [ráðuneytisins]. ³⁾

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjáforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 78. gr.

¹⁾[L. 61/2012, 31. gr.](#) ²⁾[L. 162/2010, 175. gr.](#)

Aðgerð: Svo framarlega sem báðir foreldrar hafa umgengnisrétt við barnið er komið eins fram við þá í öllu samstarfi. Báðir foreldrar eru boðaðir í samtöl, á fundi og viðburði á vegum leikskólans, hvort heldur sem foreldrar eru í sambúð eða ekki.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, deildarstjórar og aðrir kennarar.

Tímarammi; þegar við á.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni líðst ekki á Álfasteini og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til leikskólastjóra, deildarstjóra eða trúnaðarmanns.

Kynbundið ofbeldi sbr. lög um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla nr. 10/2008, 2.gr „Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.“

Kynferðislegt áreiti sbr. lög um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla nr. 10/2008, 2.gr „Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn

að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt“

Kynbundin áreitni sbr. lög um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla nr. 10/2008, 2.gr „Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt“

Aðgerð:

Í upphafi skólagöngu barnsins hefst forvarnarstarf gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni með opnum og jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þeim er háttað skipar stórt hlutverk í forvarnarstarfi gegn einelti og ofbeldi. Öll áhersla á vináttu og vinatengsl er mikilvæg. Þá er áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar barns mikil forvörn því ef barnið hefur sterka sjálfsmynd ætti það að vera betur í stakk búið ef það lendir í eða verður vitni að einelti/ofbeldi.

Hlutverk leikskólakennara og leiðbeinenda sem fyrirmýnda skiptir öllu máli, bæði hvað varðar viðhorf, framkomu og viðbrögð við einelti/ofbeldi. Kennarar skulu ávallt vera vakandi fyrir samskiptum barnanna því einelti byrjar oft í smáum og duldu atvikum sem geta vaxið ef ekki er brugðist fljótt við þeim.

Leikskólinn stuðlar að því að allir starfsmenn fái fræðslu um einelti, kynferðislegt og kyndbundið ofbeldi.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, deildarstjórar og aðrir kennarar
Tímarammi: Þegar við á.